Fundargerð fagráðsfundar 18. október 2006

Dagskrá fagráðsfundar 18. október 2006

Það sem búið er að gera:
3 greinar í Morgunblaðið
Málþing
Undirbúningsfundur að hagsmunafélagi
Fræðsla – blöðungur frá Reykjalundi
Einkunnarorð fagráðs: Þekking og frumkvæði. – Fræðsla og samvinna

Dagskrá fundarins:
Samantekt á málþingi (Jónas, Smári Anna Soffía)
Kynning á undirbúningsfundi að hagsmunafélagi (Maggý og Olga)
Hvað gerum við við upplýsingar um einstaklinga í fagráði?
Hópar lagðir niður

Til umræðu á fundi:
kerfi vinni saman. Heilbrigðis- félagsmála- og menntakerfi ýta á stjórnmálamenn samhæfing svæðisskrifstofu – félagsþjónustu og fleiri þjónustukerfa bæta útskrift frá stofnun ef sérþekking er í heilbrigðisþjónustunni þá þarf alltaf að vera tengsl þar verkstjórn –
Grensás – Reykjalundur ???
netbygging: endurhæfingarteymi á stofnun fagfólk á þjónustustofnun/heilsugæslu sjúklingur fjölskylduráðgjöf
Kynningarátak inní þjónustukerfin. Nota bækling frá Reykjalundi??
Fræðsla til fólksins sem vinnur með einstaklinga ("fólkið á gólfinu")
Uppástungur að verkefnum vetrarins og verkáætlun

Mættir: Ólöf, Jónas, Smári, Sigrún Garðars, Klara, Maggý, Anna Soffía.
Forföll boðuðu: Olga, Margrét Sigurðar og Guðrún Karls

Umræður um <u>það sem búið er að gera</u>. Einkunnarorð fagráðsins sem fram koma í dagskránni voru samþykkt (Þekking og frumkvæði – fræðsla og samvinna).
Fram kom að til viðbótar greinum í Morgunblaðið, málþingi og undirbúningsfundi að stofnun hagsmunafélags auk fræðslublöðungs frá Reykjalundi er búið að setja upplýsingar um stofnun fagráðs á hinar ýmsu heimasíður. Einnig hefur verið send út fréttatilkynning um stofnun fagráðs til helstu fagstofnana/fagaðila sem tengjast málefninu og ráðuneyta.

<u>Samantekt á málþingi:</u>
Farið yfir aðdragandann og þróunina að málþingi. Ákveðið var á fundi áhugamannahópsins 23. febrúar s.l. að halda málþing en ekki ráðstefnu. Markmiðið var að ná til notenda þjónustunnar og aðstandenda og að hafa málþingið opið og almennt umfram sérfræðilegt. Eitt af markmiðunum var að finna sameiningarkraft til að undirbúa stofnun hagsmunafélags. Ákveðið að fyrirlesarar yrðu úr okkar hópi auk þess sem fulltrúar Félags- og Heilbrigðismálaráðuneytanna yrðu til kvaddir. Byrjað var á því tveimur mánuðum áður en málþingið var haldið að senda út dagsetninguna og stutta samantekt á því sem við vorum að gera og ætluðum að gera. Eftir því sem málþingið fór að taka á sig ákveðna mynd, fyrirlesarar ákveðnir, staðsetning og tímasetning osfrv. var farið í kynningu á málþinginu í markhópnum. Netfangalistar voru unnir í júní. Haft var samband við sjúklinga og aðstandendur. Reykjalundur hringdi í ca 30 manns (Ólöf, Smári og Maggý). Hringt var kerfisbundið og fylgt eftir með bréfi. Þetta var ekki gert á Grensás eftir að fagfólk þar hafði komist að því að þeirra sjúklingar voru of nálægt slysum og skaðanum til að takast á við slíkar hringingar. Skaðinn of nálægt í tíma til að fólk væri búið að átta sig á að skemmdirnar hafa varanlegar afleiðingar. Reykjalundur er greinilega með annan sjúklingahóp sem er kominn lengra frá upprunalega skaðanum.(2-3 ár og allt upp í 10 ár liðin).

Upp kom í þessu samhengi spurningin um verkaskiptinguna á milli Reykjalundar og Grensás, er Reykjalundur með framhaldsendurhæfingu meðan Grensás er með frumendurhæfingu? Er þetta mismunandi endurhæfing?
Ákveðið var að bjóða landsbyggðinni upp á að fylgjast með málþinginu í gegnum fjarfundarbúnað og var það gert á tveimur stöðum, Ísafirði og Snæfellsnesi. Þegar nær dró færðist meiri kraftur í kynningu á málþinginu. Haft var samband við fjölmiðla og var fjölmiðlalistinn sendur út í sömu vikunni og málþingið var. Því var síðan fylgt eftir af símtali (Smári og Maggý) og unnið mjög kerfisbundið. Fjölmiðlar sýndu þessu mikinn áhuga og var viðtal við Ólöfu og Guðrúnu í morgunútvarpinu um morguninn. Grein um málþingið birtist í Mbl og Fréttablaðinu og Ríkissjónvarpið gerði því skil í aðalfréttatíma.Tvær stórar auglýsingar fóru í Fréttablaðið og Mbl. Heilbrigðis- og Félagsmálaráðuneytunum var boðið og voru fulltrúar beggja á staðnum og var Guðrún Sigurjónsdóttir verkefnisstjóri í Heilbrigðsráðuneytinu með erindi.
Afleiðing málþingsins er mikil eftirspurn eftir fræðslu og hefur Jónas m.a. verið beðinn um að flytja erindi um heilaskaða hjá félagasamtökum. Umboðsmaður barna hefur haft samband og beðið um að fá að ræða sérstaklega við Jónas.
Haft hefur verið orð á því hvað vel var tekið á móti fólkinu á málþingið og eiga Smári, Maggý Anna Soffía og Margrét þakkir skildar fyrir stólaburð og hlýlegt viðmót við móttöku fólksins. Þetta skiptir líka máli. Almennt talið að málþingið hafi tekist vel og eins og við ætluðum okkur, jafnvel farið fram úr björtustu vonum bjartsýnustu manna. Rúmlega 150 manns mættu auk fólks sem sótti fjarfundi. Lanspítali-Háskólasjúkrahús lagði til sal og tæknibúnað auk þess sem Lsp bauð upp á kaffi og meðlæti fyrir 150 manns. Takk fyrir það.
Umræður um hvað hefði tekist vel og hvað hefði mátt betur fara með tilliti til málþingsins. Hverju gleymdum við?

- Þarf að ákveða með a.m.k. hálfs árs fyrirvara
- Hefðum átt að senda tlkynninguna fyrr út, a.m.k. mánuði fyrir málþing
- ef að aðstandandi er meðal fyrirlesara sé hann tímasettur næstur á undan kaffihléi en ekki komi fagaðili strax á eftir.

<u>Kynning á undirbúningsfundi að hagsmunafélagi:</u>
Maggý kynnti fyrir okkur hvernig staðið var að undirbúningsfundi að stofnun hagsmunafélags 5. október s.l.
Fundurinn var haldinn í húsnæði Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háleitis að Síðumúla 39. Rúmlega 50 manns mætti á fundinn. Maggý og Olga stóðu sig mjög vel og gerðu þetta afskaplega vel að mati þeirra fundarmanna sem viðstaddir vor á aðstandendafundinum.
Búið var að vinna netfangalista upp úr skráningu fólksins á málþinginu í vikunni áður. Maggý og Olga hafa greinilega lagt mikla vinnu í að undirbúa fundinn vel og stóðu sig frábærlega vel á fundinum þar sem ekkert virtist koma þeim á óvart og leiddu umræðuna af mikilli færni. Allt var skráð niður sem fram kom á fundinum Markmið Maggýjar og Olgu var að eftir fundinn væri komin ákveðin ábyrgð á hendur fundarmanna að stofnun félags og það tókst. Stofnaður var 9 manna undirbúningshópur en Olga og Maggý munu fram að næsta fundi halda utan um hlutina og er Maggý með alla pappíra ennþá varðandi næsta fundarefni.
Sjónvarpið óskaði eftir að fá að fylgjast með, kom á fundinn og talaði við Maggý og gerði fundinum skil í 10-fréttunum sama kvöld.
Á fundinum kom fram mikil gagnrýni, sérstaklega á heilbrigðiskerfi/lækna. Einnig kom fram mikil þörf fyrir fræðslu og fræðsluefni á íslensku o fl.
Stefnt er að fundi í undirbúningshópnum í næstu viku.

<u>Hvað gerum við við upplýsingar um einstaklinga í fagráði:</u>
Stuttar umræður um það. Klara er með upplýsingar um einstaklinga í fagráði í möppu sem hún mun geyma og bæta við ef nýjar umsóknir um þátttöku berast. Ákveðið var að virkir meðlimir í fagráði fái þessar upplýsingar. Klara sér um að senda ykkur þær.

Hópar lagðir niður:
Samþykkt að leggja formlega niður hópa þá sem störfuðu innan áhugamannahópsins. Áfram verður samt unnið að svipuðum málefnum, s.s. brúarsmíði og fræðslumálum innan fagráðsins en ekki í föstum hópum. Áfram verður einnig unnið að stofnun hagsmunafélags og unnið með því þegar þar að kemur.

Ekki vannst tími til að ræða mikið umræðupunktana frá dagskránni en efni næsta fundar verður m.a.verkáætlun fyrir næsta starfsár, bæði hvað varðar fræðslu inn í þjónustukerfin og til aðstandenda og notenda, samstarf við hagsmunafélag og áframhaldandi útfærsla á módelinu frá brúarhópnum.

Ólöf sagði frá því að hún væri búin að fá inni á Læknadögum í janúar 2007. Hún mun ásamt Kristjáni Tómasi Ragnarssyni endurhæfingarlækni í USA fjalla um starfs- og námsendurhæfingu fyrir heilaskaðaða föstudaginn 20. janúar f.h. Vel gert Ólöf!!

Næsti fundur ákveðinn miðvikudaginn 29. nóvember kl 14:00-16:00. Athugið lengri fundartíma og að meðlimir fagráðs eru vinsamlegast beðnir um að tilkynna forföll til Klöru og/eða Ólafar ef þeir komast ekki á fundinn.

Fleira ekki gert, fundi slitið.
Klara Bragadóttir, ritari fagráðs um heilaskaða